

# AÐ FÖR gegn áfengissjúklingum

Mér skilst að nú eigi að láta áfengissjúklinga greiða sjálfa fyrir meðferð. Með þessu er óneitanlega tekið skref í þá átt að láta sjúklinga greiða sjálfa fyrir heilbrigðisþjónustu. Þetta sætir tíðindum í landi þar sem lengi hefur verið þjóðarsátt um að líta á heilbrigðiskerfið sem sameiginlega tryggingu þeganna gegn áföllum í lífinu. Lítið hefur verið á þetta sem réttlætismál því að ósanngjarnt sé að einstaklingar þurfi að gjalda sérstaklega fyrir það þegar þeir veikjast. Það er því full ástæða til að velja því fyrir sér hvaða rök gætu hniðað að því að taka áfengissjúklinga sérstaklega út úr og láta þá greiða fyrir meðferð sína.

Ég hef áður haldið því fram hér í blaðinu<sup>(1)</sup> að heilbrigðisstefnu eigi að móta með hliðsjón af þremur meginkröfum; að hún sé réttlát, árangursrík og hagkvæm. Í ljósi þessa mun ég velja því fyrir mér í þessari grein hvort ástæða sé til að ætla að þessi stefnubreyting varðandi áfengisméðferð þjóni einhverjum af þessum þremur markmiðum: Er það hagkvæmara, árangursríkara og/eða réttlátara að láta áfengissjúklinga greiða sjálfa fyrir meðferð sína en að greiða fyrir hana úr sameiginlegum sjóðum eins og verið hefur?

## Gjaldtakan er ekki hagkvæm

Fyrst um hagkvæmnina. Í annars ágættri skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir

Landsambandið gegn áfengisbólinu er því haldið fram sem einni af meginniðurstöðum „þessarar rannsóknar og athugana annarra landa“ að kostnaður vegna áfengisneyslu sé þeim mun hærri eftir því sem þjónusta við áfengissjúklinga sé meiri.<sup>(2)</sup> Með hliðsjón af skýrslunni í heild er þetta furðuleg niðurstaða. Þar kemur fram að langstærsti kostnaðarliðurinn er „framleiðslu- og þjófðfélagsins“.

Í umræddri ályktun virðist ekkert tillit vera tekið til þess að öflug áfengisméðferð dregur að öllum líkindum mjög úr þessum óþeina kostnaði sem samfélagið ber af völdum áfengisneyslu, svo sem vegna félagslegrar þjónustu og heilbrigðisþjónustu, löggæslu og réttargæslu. Í skýrslunni er réttlæga bent á að „byrði þjófðfélagsins eykst vegna heilbrigðisvandamála, ótímabærra dauðsfalla, örorku, afbrota, slysa, óreiðu fjölskyldna og sársauka og þjáningar einstaklinga...“. Þeim mun furðulegra er að þessir hlutir séu ekki settir í samhengi við þann mikilvæga árangur sem náðst hefur í meðferð áfengissjúklinga hér á landi. Telja má vist að áfengisméðferð dragi verulega úr öllum þessum þáttum.

Til þess að rökstyðja niðurstöðu sína hefðu skýrslugerðarmenn því þurft að hafa samanburð á kostnaði þjófðfélagsins vegna áfengisneyslu áður en SÁÁ tók til starfa og eftir. Ef gerð væri ítarleg rannsókn á öllum beinum og óþeina kostnaðarþáttum tel ég lítinn vafa leika á



Í þessari grein, binni fjórðu sem Vilhjálmur Árnason ritar í VIKUBLADIÐ um heilbrigðisþjónustu og síðferðilegan grundvöll stefnumótunar á því sviði, leggur höfundur mat á röksemdir fyrir gjaldtöku í áfengisméðferð og kemst að þeirri niðurstöðu að hún sé óréttlát og líkleg til að valda meiri vanda en hún geti leyst, auk þess sem kostnaður þjófðfélags og einstaklinga vegna áfengissjúki geti aukist.

því að leitt yrði í ljós að áfengisméðferð væri þjófðhagslega hagkvæm. Verði áfengissjúklingar að greiða sjálfir fyrir meðferð sína er líklegt að mun færri leiti sér hjálpar en áður. Það hefur sjálfkrafa í för með sér aukinn fjölda „heilbrigðisvandamála, ótímabærra dauðsfalla, örorku, afbrota, slysa, óreiðu fjölskyldna...“ sem samfélagið greiðir

fyrir með einum eða öðrum hætti. Eg tel því hæpið að hagkvæmnisrök séu fyrir því að taka upp gjald fyrir áfengisméðferð.

## Gjaldtakan er ekki líkleg til árangurs

Þetta tengist því hvort umrædd gjaldtaka stuðli að auknum árangri í áfengisméðferð. Sé það rétt, sem

ég gat mér til að færri munu leita sér meðferðar eftir að gjaldtaka er hafin, þá stuðlar það óneitanlega gegn árangri í meðferð áfengissjúkra. Einnig kann að vera að menn leiti sér síðar hjálpar en ella og það getur dregið úr líkum á að þeir ná bata. Í þeim tilvikum þurfa menn oft á mörgum meðferðum að halda áður en þeir ná tökum á lífi sínu. Það er einmitt þetta atriði - sú staðreynd að stór fjöldi sjúklinga í áfengisméðferð SÁÁ eru endurkomufólk - sem virðist fara sérstaklega fyrir brjóstunni á þeim er gagnrýna núverandi fyrirkomulag. Það er því líklegt að ætluin með gjaldheimtunni sé að draga úr endurkomum. Hugsunin er þá eflaust sú að áfengissjúklingar verði meðvit aðri um eigin ábyrgð, taki af meiri festu á vanda sínum og láti sér eina dýra meðferð að kenningu verða.

Þessi rök eru út af fyrir sig athyglisverð og falla raunar vel að meðferðarstefnu SÁÁ. Hvergi í íslensku heilbrigðiskerfi er lagt eins mikil upp úr því að sjúklingar læri að lifa við vanda sinn og bera ábyrgð á bata sínum eins og í áfengisméðferð. Samt sem áður hefur áfengissjúki enga sérstöðu í þessu tiliti. Það á við um alla sjúkdóma að sjúklingum nægir ekki bara að fá lækni meðferð og haga sér síðan eins og þeim sýnist.

Yfirleitt er það mikilvægast að einstaklingurinn taki sjálfur við lækni meðferð sinni, ef svo má segja, og hagi lífi sínu í samræmi við þann vanda sem hann á við að stríða. En á þessu vill verða misbrestur af ýmsum ástæðum og oft þurfa menn að leita sér margföld hjálpar við sama vanda. Alla jafna er þetta haft til marks um það hve þrálátur sjúkdómurinn er og erfiður við að eiga. En þegar áfengissjúki

á í hlut er annað upp á teningnum: Þá þykir það ámalisvert ef menn þurfa oft að leita sér hjálpar.

Ástæða þessa er eflaust það viðhorf að menn eigi að geta ráðið við áfengissjúki sína en það eigi ekki við um aðra sjúkdóma. Þetta er villandi hugsun. Menn ráða ekki við sjúkdóma og bera því ekki ábyrgð á þeim. Þeir ráða því aftur á móti að einhverju leyti hvernig til tekst með bata í öllum tilvikum.

Þetta gildir ekki frekar um áfengissjúki en um aðra sjúkdóma, því að áfengissjúklingar eru oft svo illa haldnir andlega að þeim getur veist óvenju erfiðt að fylgja lækni-ráði og skilja eðli sjúkdóms síns. Eigi að efla ábyrgð áfengissjúklinga og draga úr endurkomu þeirra á endurhæfingarsjóðvar með gjaldtöku þá á ekki síður að beita sömu úrræðum þegar aðrir sjúklingar eiga í hlut.

Það er ósanngjarnt að leggja sérstakt ábyrgðargjald á áfengissjúklinga nema ótvírætt sé sýnt fram á að þeir beri meiri ábyrgð á bata sínum en aðrir sjúklingar. Slíkt gjald er réttlætunlegt í tilvikum þar sem ljóst er að sjúklingurinn hefur sjálfur orðið valdur að vandræðum sínum en ósanngjarnt þegar þau stafa af öðrum orsökum.

Vandinn er hins vegar sá að það er ómögulegt að skera úr um það í einstökum tilvikum hvenær „endurorkoma“ sjúklings er af viðráðanlegum orsökum og hvenær af orsökum sem hann ræður ekki við. Ef gjald er lagt á alla sjúklinga án tillits til þessa er þeim sjúklingum sem eiga við þrálát og erfið veikindi að stríða gert rangt til.

En setjum nú svo að gjaldtakan hefði þær afleiðingar í för með sér að þeir sem raunverulega ráða við vanda sinn „taki sig taki“ og leiti sér ekki meðferðar nema einu sinni.

Það myndi þýða að einungis þeir veikustu, þeir sem eru verst farnir af áfengissjúkinni, þurfi á fleiri einni meðferð að halda. En þá myndi meðferðargjaldið koma þyngst niður á þeim sem verst eru settir.

Þetta sýnir að ef meðferðargjald skilar árangri þá veldur það jafnframt óréttlæti. Nema við teljum það sanngjarnt að veikt fólk borgi fyrir lækni meðferð sína og viljum gera það að almennt reglu í samfélaginu.

EKKI MÁ HELDUR SLÍTA MAT Á HUGSANLEGUM ÁRANGRI AF ÞESSARI RÁÐSTÖF-UN ÚR SAMHENGVI VIÐ ÞAU ÁHRIF SEM HÚN MUN HAFNA Á AÐRA ÞÆTTI HEILBRIGÐISÞJÓNUSTUNNAR.

Áfengissjúklingar sem ekki hafa ráð á að fara í áfengisméðferð munu í auknum mæli leita til almenna heilbrigðiskerfisins þar sem oft er lítill skilningur á vanda þeirra. Þar geta þeir orðið enn þrálátari „endurkomumenn“ en í áfengisméðferð án þess að fá nokkurn tíma viðeigandi lausn á sínum málum. Slíkt getur hvorki talist hagkvæmt né árangursríkt.

# Kínversk speki

Merking ýmissa kafla í Bókinni um Veginn er svo óljós að textaskýrendur neyðast til að túlka textann út frá eigin skilningi og bæta inn orðum sem stundum virðast gjörbreyta upphaflegri merkingu. Þannig segir Laotse t.d. að Himinn og jörð hafi ekki góðmennsku til að bera en nær allir textaskýrendur eru sammála um að hann eigi við það að náttúruöflin leggi ekki mat á hvað sé gott eða illt.

Sumir telja að Laotse velji þetta afdráttarlausu orðalag til að draga fram andstöðu við kenningar fylgismanna Konfúsíusar um að maðurinn sé í eðli sínu góður og hefðarmenn og ríkisleiðtogar eigi að leggja rækt við góðmennsku. Laotse vill hins vegar leyfa öllu að þróast í samræmi við náttúrulegt eðli sitt.

Margar líkingar eru líka illskiljanlegar fyrir nútímamenn. Þannig munu Kínverjar t.d. hafa búið til hundlíkneski úr hálm til að nota við fórnarathafnir til forna. Á meðan á fórnarathöfninni stóð var hálmhundunum vottuð virðing en hún risti ekki dýpra en svo að þeim var fleygt að athöfn lokinni. Það er því

ekki svo einfalt mál að skera úr um það hvort fólk sé sýnd virðing með því að líkja því við hálmhunda eða hvort það er lítillsvirt með þeim hætti.

## Bókin um Veginn, 5. brot

Himinn og jörð sýna enga góðmennsku; fyrir þeim eru tugþúsundir fyrirbæra sem bundar úr hálm. Spakvitrungurinn sýnir enga góðmennsku; fyrir honum er alþýðufólk sem bundar úr hálm.

Er víddin milli himins og jarðar ekki alveg eins og fjásbeltur? Hún er tóm en ekki magnvæn og færist í aukana við breytingu.

Orðbákar komust einatt í þrot, þá er betra að varðveita kjarnann.

## Umritun þýðanda

Náttúruöflin gera ekki upp á milli góðs og ills. Þau virða hlutverk allra hluta en reyna ekki að hafa áhrif á afdrif þeirra. Stjórnvitrungar taka náttúruöflin sér til fyrirmyndar og gera heldur ekki upp á milli góðs og ills. Þeir virða framlag sérhvers manns en blanda sér ekki í örlög þeirra.

道德經



Tómið er ekki síður mikilvægur hluti náttúrunnar en hin sýnilegu náttúruöfl. Það býr yfir krafti sem er hvati mikilla átaka rétt eins og blærinn sem getur rokið upp í sterkan storm á stuttum tíma.

Innihaldslaus orðaflaumur þjónar engum tilgangi. Þess í stað er nauðsynlegt að einbeita sér að innra eðli hlutanna og forðast allar ófgar.

Þýðandi: Ragnar Baldursson